

FLÓAHREPPUR AÐALSKIPULAG 2017-2029

ÓVERULEG BREYTING

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI - SKYGGNIR

Dags. 7. október 2022





FLÓAHREPPUR AÐALSKIPULAG 2017-2029 SKYGGNIR – VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Breyting skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í sveitarstjórn

þann _____.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____.



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Almennt	4
1.2	Tildrög og markmið	4
1.3	Málsmeðferð og kynning.....	4
2	Forsendur og samhengi skipulagsgerðar	5
2.1	Staðhættir og umhverfisaðstæður	5
2.2	Mínjar	5
2.3	Fyrirliggjandi stefna	5
2.4	Samræmi við skipulag.....	7
2.5	Áhrif	8
3	Aðalskipulagsbreyting	9
3.1	Almennt	9
3.2	Breyting í greinargerð aðalskipulagsins.....	9
3.3	Breyting á aðalskipulagsupprætti.....	9
	Uppdráttur	10



1 INNGANGUR

1.1 ALMENNT

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Breyting er gerð á greinargerð og uppdrætti. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps þann 28. nóvember 2018 og tók gildi þann 13. desember 2018.

Breytingin tekur eingöngu til landsins Skyggis L197781 og felur í sér nákvæmari skilgreiningu á landnotkun. Auk landbúnaðarnotkunar er svæði fyrir smáhýsi skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

Breytingin er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags og landsskipulagsstefnu. Breytingin er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um að landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og að styrkja byggð í dreifbýli. Hún samræmist einnig landsskipulagsstefnu um að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands.

1.2 TILDRÖG OG MARKMIÐ

Landeigandi vinnur að uppbyggingu smábýlisins Skyggis L197781 og hyggst stunda þar landbúnað en einnig hafa möguleika á að annarri starfsemi sem styrkt geti rekstur býlisins, s.s. minniháttar ferðaþjónustu sem tengist búrekstrinum.

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Skyggi, sem tók gildi 8. júní 2021, er gert ráð fyrir uppbyggingu smábýlis. Þar er gert ráð fyrir einu íbúðarhúsi, einu gestahúsi og byggingarreit fyrir útihús, s.s. hesthús, reiðskemmu, verkstæði eða sambærilegu. Unnið er að breytingu á deiliskipulaginu, þar sem byggingarreitum er fjölgað og lögun reita breytt auk þess sem hámarks byggingarmagn eykst með tilkomu nýrra byggingarreita. Með breytingunni er gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, einu gestahúsi og byggingarreit fyrir

útihús líkt og í gildandi skipulagi. Auk þess er gert ráð fyrir allt að 6 smáhýsum.

Jörðin Skyggir er innan landbúnaðarsvæðis skv. gildandi aðalskipulagi. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins fyrir landbúnaðarland er að: „Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.“ Um ferðaþjónustu segir einnig að tækifæri felist í því að tengja ferðaþjónustu við landbúnað, sjá nánar í kafla 2.3 um gildandi aðalskipulag. Hugmyndir landeiganda um uppbyggingu á smábýlinu eru í góðu samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Eftir sem áður telur sveitarstjórn viðeigandi að skilgreina einnig svæði fyrir verslun og þjónustu með hringtákn fyrir afmarkaðan reit á jörðinni, til að stefna um uppbyggingu á jörðinni sé skýr. Sveitarstjórn telur að um óverulega breytingu sé að ræða, enda samræmist hún öllum markmiðum gildandi aðalskipulags.

Markmið skipulagsbreytingarinnar er að auka svigrúm fyrir uppbyggingu smábýlis þar sem landbúnaður er meginstarfsemin.

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Aðalskipulagsbreytingin telst óveruleg og er málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Við mat á því hvort breyting á aðalskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.

Sveitarstjórn sendir rökstudda tillögu um breytingu til Skipulagsstofnunar og niðurstaða sveitarstjórnar er auglýst.

Samhliða breytingu aðalskipulagsins er breyting á gildandi deiliskipulagi til meðferðar hjá sveitarfélaginu.



2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR

2.1 STADHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Smábýlið Skyggfir L197781 í Flóahreppi er um 2,5 km sunnan við Hringveginn. Landið afmarkast af Lækjarvegi, Hróarsholtslæk og landspildunum Hróarsholt B og G. Aðkoma að Skyggfir er frá Lækjarvegi (3142-01). Austan svæðisins liggur Villingaholtsvegur nr. 305 sem flokkast sem tengivegur. Meðfram veginum er veghelgunarsvæði sem er 15 m breitt frá miðlínu til hvorrar handar. Rafstrengur RARIK liggur með Lækjarvegi og áfram meðfram Villingaholtsvegi en með strengnum liggur öryggissvæði.

Landið hallar til vesturs að Hróarsholtslæk og er í um 20 m h.y.s. Svæðið er nokkuð gróið og að mestu óræktað land. Nokkuð rask er á svæðinu m.a. vegslóði. Lítið tún er syðst og næst Lækjarvegi og þar er framræsluskurður.

Handan Hróarsholtslækjar er býlið Lækur en sunnan við það eru býlin Brekkuhús, Hróarsholt I, Hróarsholt II, Bjartalund, Krókur og Flaga auk sumarhúsa sem öll tengjast Lækjarvegi.

2.2 MINJAR

Engar skráðar fornminjar eru á svæðinu samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Starfsmaður Minjastofnunar hefur skoðað svæðið en engar minjar fundust. Ef fornminjar finnast við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.

Svæðið nýtur ekki hverfisverndar og er ekki innan svæðis á náttúruuminjaskrá eða B-hluta hennar. Skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan svæðisins náttúruvörðunarsvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Annars vegar er um að ræða eldhraun frá nútíma og hins vegar votlendi, stærra en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum. Skv.

kortasjá N1 liggur útjaðar Þjórsárhrauns um land Skyggfis, en svæðið nær yfir umfangsmikið svæði á Suðurlandi. Engin ummerki hafa fundist um hraun innan skipulagssvæðisins og er líklega um ónákvæmni kortsins að ræða. Það sama á við um votlendið. Lækjarvegur (3142-01) sker votlendissvæðið sem afmarkað er á kortinu í tvo jafna hluta, um 1 ha hvort. Vegurinn var byggður fyrir áratugum síðan og skurðir eru meðfram honum til beggja hliða. Einnig liggur rafstrengur RARIK meðfram veginum í jaðri Skyggfis. Vatlendið fellur því ekki undir sérstaka vernd náttúruvörðunarsvæðis samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem það nær ekki 2 ha.

Engin náttúruvörðunarsvæði, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, eru því í landi Skyggfis.

2.3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA

Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi er allt land Skyggfis skilgreint sem landbúnaðarsvæði og er í flokki III í flokkun landbúnaðarlands.

Fjallað er um landbúnaðarsvæði í kafla 2.4.1 í gildandi aðalskipulagi. Markmið fyrir landbúnaðarsvæði eru m.a.:

- *Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.*
- *Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.*
- *Áfram verði lögð áhersla á að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensks landbúnaðar.*
- *Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.*



Um leiðir til að framfylgja þeirri stefnu fyrir landbúnaðarsvæði segir m.a. í gildandi aðalskipulagi:

- Ef aðstæður leyfa er heimilt að byggja stök íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.
- Heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.
- Byggingar, uppskipting lands, samfelld skógræktarsvæði o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokk I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jafri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun landbúnaðarlands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.
- Heimilt er að stunda minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.

Um aðra atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum segir m.a.:

Heimilt er, þar sem er föst búseta, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stoðum undir búrekstur og tryggja eftir því sem hægt er að jarðir haldist í landbúnaðarnotum. Heimilt er að nýta byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einkum er horft til starfsemi sem tengist ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að og styður við landbúnaðarstarfsemi og búsetu á svæðinu.

Heimilt er, á jörð í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem

heilðarstærð bygginga fari ekki yfir 500 m². Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi á aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslun og þjónustu, athafna- og iðnaðarsvæði.

Um byggingar á landbúnaðarlandi segir m.a.:

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa stök íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Stök hús skulu að jafnaði reist utan verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands (í flokki I og II). Staðsetja skal ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi.

Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni, þó þannig að mengun, s.s. lykt, hafi sem minnst áhrif á íbúa.

Fjallað er um stakar framkvæmdir í kafla 2.4.9 í gildandi aðalskipulagi. Þar segir m.a.:

Stakar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarsvæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðarhús, frístundahús, fjarskiptamöstur eða litlar vindrafstöðvar. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu, þar sem það á við, að veita leyfi fyrir stökum mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Stök mannvirki skulu reist utan verndarsvæða og landbúnaðarlands í flokki I og II. Í hverju tilfelli verður lagt mat á líkleg áhrif mannvirkja á landslag, náttúru, minjar samfélag o.fl. Huga þarf vel að sýnileika mannvirkja og þau skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar (kafla 2.2 í gildandi aðalskipulagi) eftir því sem við á.



Í gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi framkvæmdir heimilar án þess að afmarka sérstaka landnotkun eru m.a.:

- *Stök íbúðarhús á landspildum sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Stök frístundahús á 0,5-1 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er.*
- *Þjónustuhús og kynningaraðstaða. Heimilt er að útbúa áningarstaði við vegi/slóða, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila.*

Í umhverfismati gildandi aðalskipulags segir m.a. um stefnu varðandi landbúnaðarsvæði:

Í heild hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Þá er einnig stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur.

Í kafla 2.4.3 í gildandi aðalskipulagi er fjallað um verslun og þjónustu. Annað af markmiðum þess er að þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stöðum undir byggð. Í leiðum er lagt til að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru. Einnig að fjölga gistinóttum og lengja dvöl ferðamanna.

Í kaflanum kemur fram að í Flóahreppi hafi á nokkrum stöðum byggst um ferðaþjónusta á bújörðum samhliða búskap og að gert sé ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram. Áhersla er lögð á að verslunar- og þjónustuvæði taki mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar sbr. kafla 2.2 (í gildandi aðalskipulagi), eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkum og allur

frágangur og umgengni skal taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þurfi vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

Í umhverfismati gildandi aðalskipulags segir um verslun og þjónustu að sveitarstjórn leggi áherslu á að áfram verði byggð upp ferðaþjónusta í dreifbýli sveitarfélagsins, bæði til að bæta þjónustu við ferðamenn og auka tekjumöguleika íbúa.

Landsskipulagsstefna

Skv. landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðarþróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.

2.4 SAMRÆMI VIÐ SKIPULAG

Stefna um uppbyggingu smábýlis í landi Skyggnis er í góðu samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags og landsskipulagsstefnu.

Stefnan styður markmið gildandi aðalskipulags um að landbúnaður verði eflaður sem atvinnugrein og að leitað verði leiða til uppbyggingar stoðgreina hans. Stefnan styður einnig við markmið um að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd landbúnaðar og stuðli að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar. Uppbyggingin styrkir möguleika til fastar búsetu og nýtingu núverandi veitukerfa. Stefnan er þannig líkleg til að styrkja byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stöðum undir búrekstur og tryggja að jarðir haldist í landbúnaðarnotum. Stefnan tekur mið af flokkun landbúnaðarlands og tryggir að uppbyggingin sé utan landbúnaðarlands í flokki I og II. Hún hamlar ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spillir góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.



Stefnan samræmist stefnu gildandi aðalskipulags um að á landbúnaðarsvæðum sé fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði og að á landbúnaðarsvæðum sé heimilt að reisa stök íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Einnig að stök hús skuli að jafnaði reist utan verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands (í flokki I og II) og að þau séu staðsett í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi. Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði verða reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni, í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

Stefnan samræmist áherslum gildandi aðalskipulags um að þar sem er föst búseta, sé heimilt að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu. Hún samræmist stefnu aðalskipulagsins um að heimilt sé, á jörð í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar, s.s. smáhýsi, svo fremi sem heildarstærð bygginga fari ekki yfir 500 m².

Eins og fram kemur í umhverfismati gildandi aðalskipulags hefur stefna um byggingarheimildir á landbúnaðarlandi jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Stefna sveitarstjórnar er að mannvirki skuli reist sem næst núverandi mannvirkjum en það er hagkvæmara fyrir rekstur veitna og vega. Einnig er stefnt að eflingu byggðar og atvinnulífs og rýmri heimildum til uppbyggingar er ætlað að stuðla að því og einfalda íbúum að byggja upp atvinnurekstur.

Stefnan styður stefnu landsskipulagsstefnu um að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag og að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Hún styður einnig við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðarþróun.

Breyting aðalskipulagsins telst því óveruleg, þar sem hún hefur óverulegar breytingar á landnotkun í för með sér. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila og áhrifin taka til mjög takmarkað svæðis.

2.5 ÁHRIF

Metin eru líkleg áhrif af uppbyggingu smábýlis á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum og stefna skipulagsins borin saman við óbreytt ástand. Líklegir þættir eru náttúrufarslegir þættir, landslag og ásýnd, samfélag, samgöngur og fornminjar.

Tafla – Mat á áhrifum

	Breytt skipulag	Óbreytt ástand
Jarðmyndanir	0	0
Gróður og dýralíf	- /*	0
Landslag og ásýnd	+	0
Samfélag	+	0
Samgöngur	0	0
Fornminjar	0	0

*Mótvægisáðgerðir mögulegar

Engar jarðmyndanir eða fornminjar eru þekktar á svæðinu og því ólíklegt að stefnan hafi áhrif á þær. Áhrif á samgöngur eru talin óveruleg enda er umferðaraukning takmörkuð.

Uppbygging býlisins er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag á svæðinu, einkum á íbúapróun og styrkja atvinnulíf og byggðina sem fyrir er.

Á svæðinu er nokkuð þétt landbúnaðarbyggð og fellur uppbygging smábýlis vel að ásýnd og ímynd svæðisins.

Uppbygging smábýlis getur haft áhrif á gróður og dýralíf á svæðinu en með vandaðri uppbyggingu og frágangi er mögulegt að halda raski í lágmarki.

Á heildina litið eru áhrif skipulagsins óveruleg umfram núverandi landnotkun á svæðinu.



3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

3.1 ALMENNT

Breytingin tekur eingöngu til landsins Skyggis L197781 og felur í sér nákvæmari skilgreiningu á landnotkun vegna uppbyggingar smábýlis. Megin landnotkun verður áfram landbúnaður með möguleika á annarri starfsemi sem styrkt getur rekstur býlisins, s.s. minniháttar ferðaþjónustu sem tengist búrekstrinum. Skilgreint er svæði fyrir verslun og þjónustu sem ætlað er fyrir smáhýsi til útleigu.

Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti.


3.2 BREYTING Í GREINARGERÐ AÐALSKIPULAGSINS

Eftirfarandi bætist við töflu á bls. 17-18 í greinargerð gildandi aðalskipulags:


Verslunar- og þjónustusvæði			
Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
Vp24	Skyggir	Gert er ráð fyrir gistingu í smáhýsum sem tengist búrekstri á smábýlinu Skyggni. Gisting fyrir allt að 12 gesti. Leyfilegur fjöldi húsa er allt að 6, hámarksstærð hvers húss er 30 m ² . Samanlögð heildarstærð smáhýsa er allt að 180 m ² . Áhersla skal lögð á að ásýnd uppbyggingar styðji við jákvæða ímynd landbúnaðar. Forðast skal að raska vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi. Stærð svæðis er um 1 ha.	Skyggir L197781

3.3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Breyting er gerð á uppdrætti þar sem hringtákn fyrir Vp24 er bætt inn á jörðinni Skyggni L197781, sbr. uppdrátt á næstu síðu.



GILDANDI SKIPULAG



BREYTT SKIPULAG

SKÝRINGAR

	Mörk breytingar		Gönguleiðir
	Íbúðarbyggð		Reiðleiðir
	Frístundabyggð		Reiðhjólaleiðir
	Afþreyingar- og ferðamannasvæði		Raflínur 66-220 kV
	Verslun og þjónusta		Vatnsveita
	Opin svæði		Ljósleiðari
	Landbúnaðarsvæði		Hverfisvernd
	Skógræktar- og landgræðslusvæði		Vatnsból
	Óbyggð svæði		Vatnsvernd grannsvæði
	Athafnasvæði		Vatnsvernd fjarssvæði
	Iðnaðarsvæði		Fríðlýstar fornminjar
	Efnistöku- og efnislosunarsvæði		Fornminjar undir hverfisvernd
	Aðrir vegir og götur		Landamerki, óviss og ekki tæmandi
	Tengivegur		Ræktað land
	Héraðsvegir		Landbúnaðarland flokkur I og II

Kortagrunnar:
 IS50V frá Landmælingum Íslands
 Hnit eru í ISN93
 Unnið fyrir sveitarstjórn Flóahrepps



Flóahreppur - Aðalskipulag 2017-2029

Óveruleg breyting
 Sveitarfélagsuppráttur
 Verslunar- og þjónustusvæði - Skyggjir

MKV. 1:50.000/A4

DAGS. 7. okt. 2022

VERKFANG: 20266-001

UNNIÐ AF: EBK

RÝNT: EIJ

SAMP: EBK